

## GJALDSKRÁ

### um norrænt umhverfismerki.

#### 1. gr.

Hollustuvernd ríkisins er heimilt að innheimta gjald vegna notkunar á norræna umhverfismerkinu eins og nánar greinir í gjaldskrá þessari.

#### 2. gr.

Umsóknargjald er kr. 100.000.

Hollustuvernd ríkisins er heimilt í sérstökum tilfellum að lækka umsóknargjaldið að fenginni umsögn stjórnar umhverfismerkisráðs.

#### 3. gr.

Árgjald vöru sem ber norræna umhverfismerkið er 0,4% af ársveltu af árinu á undan, þó að hámarki kr. 200.000. Lámargsgjald fyrir hvert leyfi er þó aldrei lægra en kr. 5.000.

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 143/1995 um norrænt umhverfismerki.

*Umhverfisráðuneytinu, 14. apríl 1998.*

**Guðmundur Bjarnason.**

\_\_\_\_\_  
*Ingimar Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Borgarhafnarhrepps, Bæjarhrepps, Hofshrepps og Hornafjarðarbæjar.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 17. apríl 1998 staðfest sameiningu Borgarhafnarhrepps, Bæjarhrepps, Hofshrepps og Hornafjarðarbæjar í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra þessum fjórum sveitarfélögum skulu falla til hins nýja sveitarfélags.

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram sama dag og reglulegar sveitarstjórnarkosningar, þ.e. laugardaginn 23. maí 1998, sbr. 1. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 20. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna.

Kjósa skal ellefu fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Héraðsnefnd Austur-Skaftafellssýslu, í umboði sveitarstjórnanna, tilnefnir þrjá aðalfulltrúa og þrjá varafulltrúa í yfirkjörstjórn. Hin nýja yfirkjörstjórn tekur m.a. við verkefnum